Alþingi
Erindi nr. Þ 117 / 418
komudagur 15/12 1993

Blönduósi 14.12 1993

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
c/o Halldór Ásgrímsson formaður

Á fundi stjórnar Búnaðarsambands A-Húnavatnssýslu sem haldin var 13.12 1993 var gerð eftirfarandi ályktun:

Stjórn Búnaðarsambands A-Hún mótmælir harðlega eftirtöldum hugmyndum er fram koma í frumvarpi til laga um breytingu á skattalögum:
a) Hækkun á tryggingagjaldi í landbúnaði
b)Álagningu 14 % virðisaukaskatts á farþegaflutninga innanlands og á útleigu gistiherbergja og tjaldstæða.

Ennfremur mótmælir stjórn Búnaðarsambands A-Hún því að lagt verði á innritunar-,efnis-, pappírs- og nemendagjöld við búnaðarskólana og að 2 % gjald verði lagt á innfluttar búvélar til að standa straum af prófun búvéla.

Það er skoðun stjórnar Búnaðarsambands A-Hún að verði þessar hugmyndir að veruleika þá muni það veikja stöðu landsbyggðarinnar svo og samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar gagnvart innflutningi.

Virðingarfyllst
F.h. stjórnar Búnaðarsambands A-Húnavatnssýslu

Jón Sigurðsson
.......................................
Jón Sigurðsson

Afrit sent Páli Péturssyni 1. þingm norðul.kjörd vestra